

## VILJAYFIRLÝSING

Alþjóðaskólinn á Íslandi, kt. 510407-0160 og Garðabær, kt. 570169-6109 gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu Alþjóðaskólans í Garðabæ.

1. Garðabær lýsir yfir vilja til að úthluta Alþjóðaskólanum lóð á svæði við Ægisgrund fyrir starfsemi skólans. Skipulagslýsing vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi hefur þegar verið samþykkt í bæjarstjórn og kynnt í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Samkvæmt skipulagslýsingu er gert ráð fyrir að tillaga um skipulagsbreytingu verði auglýst til kynningar í janúar 2019. Áætluð stærð lóðar er um 4.000 m<sup>2</sup>.
2. Á lóðinni mun Alþjóðaskólinn byggja skólahúsnæði allt að 1.500 m<sup>2</sup>. Húsnæðið verður byggt í tveimur til þremur áföngum. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi verði um 600 m<sup>2</sup> og verði tekinn í notkun 2019/2020.
3. Alþjóðaskólinn mun áfram geta haft afnot af ýmsu skólahúsnæði Garðabæjar í samráði við stjórnendur viðkomandi stofnanna. Sérstakur skriflegur samningur þar að lútandi verður gerður síðar.
4. Alþjóðaskólinn mun greiða Garðabæ byggingarréttargjald sem nemur kr. 21.252 fyrir hvern byggðan fermetra. Gjaldið breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu miðað við grunnvísitölu í desember 2018 141,6 stig.. Alþjóðaskólinn mun greiða gatnagerðargjald við útgáfu á byggingarleyfi samkvæmt gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Garðabæ.
5. Við gerð lóðarleigusamnings verður sett sú kvöð á lóðina að komi til þess að Alþjóðaskólinn hætti starfsemi mun Garðabær hafa kauprétt að húsnæði skólans. Kaupverð skal aldrei vera hærra en kostnaðarverð að viðbætttri verðhækkun samkvæmt byggingarvísitölu en að frádreginni fyrningu samkvæmt mati tveggja matsmanna sem aðilar tilnefna. Alþjóðaskólanum verður óheimilt að framselja og veðsetja lóðarréttindi samkvæmt lóðarleigusamningi nema með samþykki Garðabæjar.
6. Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 17. janúar 2019.
7. Ofanrituðu til staðfestu undirrita aðilar viljayfirlýsingu þess.

Garðabæ, 17. janúar 2019

Fh. Alþjóðaskólans á Íslandi

Fh. Garðabæjar

---

Berta Lucille Faber

---

Gunnar Einarsson  
bæjarstjóri